



## FUNDARGERÐ 451. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, mánudaginn 16. ágúst 2021. Fundurinn er settur klukkan 14:07. Fundurinn er staðfundur að Gylfaflöt 5 og fjarfundur.

**Fundarstjóri:** Líf Magneudóttir formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

**Mætt:** Ágúst Bjarni Garðarsson með fjarfundarbúnaði, Birkir Jón Jónsson með fjarfundarbúnaði, Bjarni Torfi Álfþórsson með fjarfundarbúnaði, Jóna Sæmundsdóttir með fjarfundarbúnaði, Kolbrún Þorsteinsdóttir með fjarfundarbúnaði og Líf Magneudóttir með fjarfundarbúnaði.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri, og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni með fjarfundarbúnaði.

Gyða Sigríður Björnsdóttir, sérfræðingur í sjálfbærni, situr fundinn með fjarfundarbúnaði undir lið 5.

### Tekið fyrir

#### 1. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir skýrslu framkvæmdastjóra.

#### 2. Uppfærð áhættustefna SORPU kynnt

Fjármálastjóri gerir grein fyrir uppfærðri áhættustefnu SORPU. Atkvæðagreiðslu um áhættustefnu frestað til næsta fundar.

#### 3. Fundargerðir og fylgigögn með fundargerðum

Stjórn Sorpu bs. ræðir framsetningu fundargerða samlagsins. Rætt hvernig megi koma upplýsingum um starfsemi Sorpu og þær ákvarðanir sem teknar eru á vettvangi stjórnar eins fljótt og skýrt og auðið er til sveitarfélaganna og almennings.

#### 4. Séröfnun á lífrænum úrgangi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir mikilvægi séröfnunar á lífrænum úrgangi til að tryggja afköst GAJU og hreinleika moltu sem fellur til við meðhöndlun lífræns úrgangs í GAJU.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

*„Stjórn veitir framkvæmdastjóra heimild til að ræða við og semja við sorpsamlög og aðra rekstraraðila um móttöku á séröfnum lífeyfum í GAJA. Allir samningar eru síðan samþykktir á vettvangi stjórnar.“*



## **5. Staða plastendurvinnslu**

Sérfræðingur í sjálfbærni gerir grein fyrir stöðu plastendurvinnslu. Stjórn SORPU ræðir stöðu plastendurvinnslu.

Ágúst Bjarni vísar af fundi eftir liðinn klukkan 15:54.

## **6. Næsti fundur**

Næsti fundur stjórnar er boðaður fimmtudaginn 26. ágúst 2021 klukkan 14:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 16:05.